Gamla-Búð á Eskifirði endurbyggð og gerð að safnahúsi



Útkaupstaður á Eskifirði skömmu fyrir aldamót. „Carl D. Tulinius" stendur á skiltinu yfir dyrum Gömlu-Búðarinnar, sem er til vinstri á myndinni. „Á efri hæðinni í þessu húsi var svonefnd pallstofa, og var gengið upp í hana upp stiga, sem var utan á húsinu og upp á pall eða verönd. Þetta var viðhafnarstofa, einkum ætluð gestum og var hún vel búin húsgögnum. Úr stofunni og af veröndinni var fagurt útsýni yfir fjörðinn. Fyrir ofan pallstofuna var lítið herbergi og fram af því önnur verönd og sneri í sömu átt, til suðurs. Af þessari verönd var enn betra útsýni en af neðri veröndinni, sást þaðan yfir Eskifjörð og allan Reyðarfjörð og langt út á haf. Þegar Tulinius gamli átti von skipa frá Danmörku og Noregi, sem oft bar við, sást hann á stjái á veröndinni með kíki sinn," segir Thor Jensen-Brand í bókinni heim til Íslands. Frú Guðrún Tulinius stendur við stigann, en Carl Daniel í útidyrunum. Ljósm. Eyjólfur Jónsson, Seyðisfirði. (Úr Eskju, fyrra bindi, bls. 71.).

Grein og myndir: Ágúst I. Jónsson.

Gamla Búð á Eskifirði. Til hægri eru skrifstofur Hraðfrystihúss Eskifjarðar í svonefndu Útkaupstaðarhúsi, en þar var lengi íbúðarhús faktorsins á Eskifirði.

GAMLA-BÚÐ á Eskifirði var á sínum tíma merkileg miðstöð verzlunar og menningar á Austfjörðum. Bændur og sjómenn komu um langan veg til að verzla í Gömlu-Búð, streitan háði ekki, þó þreytan væri stundum mikil. Menn gáfu sér tíma til að setjast niður og ræða málin — gjarnan yfir höfgum drykk. Margt hefur verið brallað í Gömlu-Búð mestan hluta nítjándu aldarinnar. Þar var höndlað með allt milli himins og jarðar og ýmis önnur iðja stunduð þar. Þar var á sínum tíma fleygað niður silfurberg úr Helgustaðarnámu utan við Eskifjörð. Heimsins bezta silfurberg, sem m.a. var notað í sjónauka og er enn í notkun í vitalampa á einu af syðstu annesjum Portúgals.

Á þessari öld hefur húsið lengstum verið notað til geymslu á ýmsum varningi og var farið að láta verulaga á sjá er það var friðað árið 1968. Gamla-búð stendur í hjarta bæjarins og á myndum frá stofnun lýðveldisins 1944 má sjá mannfjölda saman kominn í Lystigarðinum við Gömlu-Búð. Garðurinn minnti á Austurvöll Reykvíkinga, en sá var munurinn að hann var í einkaeign. Á gömlum myndum má sjá að lúðrasveit af danska herskipinu Heimdalli lék í þessum garði árið 1907, en hann er fyrir löngu liðin tíð.

Hraðfrystihús Eskifjarðar stendur neðan þess svæðis, sem garðurinn var áður, en Strandgatan, aðalgatan á Eskifirði, tel·ur sitt pláss á milli Gömlu-Búðar og Hraðfrystihússins. Til að varðveita gamla tímann á Eskifirði var Gamla-Búð friðuð fyrir áratug og endurbygging hennar hófst fyrir þremur árum. Áður þurfti þó að flytja húsið um set, nokkra metra ofar en áður vegna gatnagerðar og nýs skipulags. Eftir tvö ár er von manna að endurbótum verði lokið og þar verði þá komin aðstaða fyrir Verzlunar- og sjóminjasafn á Austfjörðum.

— Þessi kumbaldi gerir ekki annað en að gleypa peningana okkar, sem betur væri varið í nýtari hluti, sagði ágætur Eskfirðingur í spjalli við Morgunblaðsmenn á förnum vegi í sumar. Hann var ekki ýkja hrifinn af því að verið væri að friða og endurbyggja Gömlu-Búðina, elzta verzlunarhúsið á staðnum. Það er þó langt í frá að allir séu honum sammála.